

Alþingi
Erindi nr. P 128/597
komudagur 9.12.2002



Alþingi Íslendinga
Hildur Njarðvík, nefndarritari
150 REYKJAVÍK

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804
netfang: postur@fel.stjr.is
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 29. nóvember 2002

Tilvísun: FEL02110028/0004/gath/--

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um kvennahreyfinguna á Íslandi, þingskj. 19 - 19. mál.

Ráðuneytið hefur tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um að fela félagsmálaráðherra að bæta starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi og annarra hópa sem vinna að jafnari stöðu kynjanna á Íslandi. Gert er ráð fyrir að þetta verði gert með stofnun sérstaks sjóðs sem fái fjárveitingu með fjárlögum og með því að jafnréttisfulltrúum eða öðrum starfsmönnum ráðuneyta verði falið að koma á beinum tengslum fagráðuneyta og þeirra samtaka, hópa og einstaklinga sem innan starfssviðs hvers ráðuneytis sem vinna að jafnari stöðu kynjanna á hverjum tíma.

Ný jafnréttislög tóku gildi í lok maí á árinu 2000. Við gildistöku var gerð gagngerð breyting á skipulagi vinnu við að koma á jafnari stöðu og jöfnum rétti karla og kvenna. Jafnréttisráð og kærunefnd jafnréttismála voru gerð að mun sjálfstæðari stjórnsýslueiningum en þær voru samkvæmt eldri löggjöf. Ný stofnun Jafnréttisstofa kom til sögunnar. Hlutverk Jafnréttisstofu er mjög umfangsmikið sbr. 3. gr. laga nr. 96/2000, m.a. að hafa eftirlit með framkvæmd laganna og þar með því að makmið laganna náist. Eitt af markmiðum laganna er samkvæmt d-lið 1. gr. að bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu.

Það er og hlutverk Jafnréttisstofu að veita jafnréttisnefndum, jafnréttisráðgjöfum og jafnréttisfulltrúum sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja aðstoð. Ráðuneytið telur að þar sem enn er lítil reynsla komin af nýjum jafnréttislögum sé ekki tímabært að samþykkja þá þingsályktunartillögu sem hér um ræðir.

F. h. r.


Guðrún A. Þorsteinsdóttir


Gylfi Kristinsson